

HAGFRÆÐI

Framhaldsnám
hi.is/hagfraedideild



Kynntu þér fjölbreytt framhaldsnám í hagfræði

Hvað er hagfræði?

Hagfræði stendur mitt á milli raunvísinda og félagsvísinda. Námið leggur áherslu á greiningarhæfni – að nemendur öðlist skilning á efnahagslífi, fjármálum, viðskiptum og samfélagsmálefnum. Margir möguleikar bíða að lokinni útskrift.

Af hverju að velja hagfræði?

Hagfræðingar eru eftirsóttir í atvinnulífinu, bæði vegna skilnings á efnahagslífinu sem og greiningarfærni sem byggir á notkun Stærðfræði- og tölfræðiaðferða. Þeir eru gjarnan í hlutverki sérfræðinga – sinna oft stefnumörkun og ráðgjöf fyrir stjórnvöld og opinberar stofnanir. Þeir eru í lykilhlutverki á fjármálamarkaði, og oftast en ekki í stjórnunarstöðum í fyrirtækjum. Þeir starfa einnig á fjölmiðlum og víða annars staðar. Eftirspurn eftir hagfræðingum hefur verið vaxandi hin síðari ár héraendis.

Lotunám

Námskeið eru kennd í lotukerfi og stendur hver lota yfir í sjö vikur, með prófum í áttundu viku. Alls eru fjórar lotur á skólaárinu og taka nemendur tvö 7,5e námskeið í senn í hverri lotu.

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/hagfraedideild

Námsleiðir í boði

Boðið er upp á tvær 120 eininga námsleiðir, MS í fjármálahagfræði og MA í hagnýttri hagfræði. Nemendur sækja 90e í námskeiðum og ljúka síðan námi með 30e meistaritgerð.

Tengt þessum námsleiðum er einnig boðið upp á styttra 60 eininga viðbótardiplómanám, annars vegar í hagfræði og hins vegar í fjármálahagfræði.

Þriðja námsleiðin í boði er síðan M.Fin., en það er nám á meistarastigi í fjármálum og er í samvinnu við Viðskiptafræðideild.

Inntökuskilyrði

Almennt er krafist fyrstu einkunnar (7,25) úr fyrsta háskólaprófi, til þess að fá inngöngu í meistaranám. Áherslur hvernar námsbrautar eru breytilegar en nánari upplýsingar um inntökuskilyrði má finna á vefsíðu hvernar námsbrautar.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD

Fjölbreytt námsval á framhaldsstigi



MS í fjármálahagfræði (120e)

Markmiðið með náminu er að undirbúa nemendur vel fyrir ýmis störf á fjármálamarkaði svo sem í fyrirtækjarekstri, rannsóknum og á þeim mörgu sviðum þar sem fjármálaþekking er mikilvæg. Lögð er áhersla á samspil fjármála og hagfræði, og á hagnýt viðfangsefni. Góður grunnur í stærðfræði og tölfraði er nauðsynlegur í náminu. Auk 30e rannsóknaritgerðar taka nemendur 60 e í skyldunámskeiðum og 30e í valnámskeiðum.

MA í hagnýttri hagfræði (120e)

MA í hagnýttri hagfræði er hagnýtt nám þar sem leitast er við að þjálfa nemendur í verklegri notkun kenninga og hagrannsókna með það að markmiði undirbúa nemendur til starfa í atvinnulífi og stjórnáslu. Námið er byggt þannig upp að ekki er gert ráð fyrir að nemendur hafi lokið grunnnámi í hagfræði. Í upphafi misseris eru nemendum kennd undirstöðuatriði í hagfræði og meginlegum aðferðum hagfræðinnar. Í framhaldi af því er byggt ofan á grunn nemenda með frekari kennslu í hagfræði og hagrannsóknum.

MFin í fjármálum (90e)

MFin er meistaranám í fjármálum sem miðar að því að undirbúa nemendur fyrir fjölbreytt störf á fjármálamarkaði og gert er ráð fyrir að nemendur geti að námi loknu fengist við flókin viðfangsefni á sviði fjármála. Sérstaða MFin í fjármálum felst í því að náminu lýkur ekki með ritun meistararitgerðar, heldur er í staðinn lögð áhersla á að þjálfa

nemendur í að beita kenningum og aðferðum til þess að leysa hagnýt verkefni. Námið er 90 einingar og er samsett úr 15-16 námskeiðum, annars vegar átta skyldunámskeiðum og hins vegar 4-5 valnámskeiðum sem nemendur velja úr fjölbreyttu úrvali námskeiða. Námið byggir á samvinnu Viðskiptafræðideildar og Hagfræðideildar.

Viðbótardiplóma í fjármálahagfræði (60e)

Viðbótardiplóma í fjármálahagfræði er nám fyrir þá sem hafa ekki grunn til að hefja MS nám í fjármálahagfræði. Námið er sniðið að þörfum einstakra umsækjenda og er þeim gert kleift, í fyrstu lotu, að byggja upp nauðsynlegan grunn, með því að taka inngangsnámskeið í hagrænni stærðfræði, tölfraði, rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði, eftir því sem þörf er á.

Viðbótardiplóma í hagfræði (60e)

Líkt og í viðbótardiplómanámi í fjármálahagfræði byggja nemendur upp grunn í fyrstu lotu námsins, með því að taka nauðsynleg námskeið á grunnnámsstigi í hagrænni stærðfræði og tölfraði. Nemendur taka grunnnámsnámskeið í þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði á fyrstu misseri, hafi þeir ekki nauðsynlegan grunn í upphafi náms.

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/hagfraeideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD